



Alþingi
Erindi nr. P 127/2110
komudagur 7.5.2002

Alþingi
vt. Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 2. maí 2002

1.01-4

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um skipulag sjóbjörgunarmála, 619. mál.

Með vísan til bréfs yðar dags. 15. apríl s.l. þá styðja Almannavarnir ríkisins alla viðleitni í þá átt að efla öryggi sjófarenda. Nefnd ráðuneytisstjóra í forsætis, dómsmála- og samgönguráðuneyti hefur hafið störf við að endurskoða björgunarmál á Íslandi, bæði á sjó og landi. Er það því skilningur undirritaðar að ríkisstjórnin hafi þegar ákveðið að gera úttekt á skipulagi sjóbjörgunarmála. Nefndin er væntanleg í heimsókn í samhæfingarstöð Almannavarna ríkisins og stjórnstöð Landhelgisgæslu Íslands n.k. mánudag til þess að kynna sér starfsemi þessara stöðva.

Þó svo að hægt væri að þrengja þau svæði þar sem flest sjóslys hafa orðið við Íslandsstrendur í gegnum tíðina, er afar ólíklegt að vegslóðaf framkvæmdir myndu skila því sem vonast væri til og því vænlegra að eyða því fjármagni sem í það færi í aðra þætti til þess að efla öryggi sjófarenda.

Virðingarfyllst,

Sólveig Þorvaldsdóttir
framkvæmdastjóri
Almannavarna ríkisins



FFSÍ

FARMANNA- OG
FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS

Borgartúni 18 - 105 Reykjavík - Sími 562 9933 - Fax 562 9934

Alþingi

Erindi nr. P 127/2049

komudagur 22.4.2002

Nefndasvið Alþingis,
Sjávarútvegsnefnd,
Austurstræti 8-10,
105 Reykjavík.

Reykjavík 19. apríl 2002

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um úttekt á skipulagi sjóbjörgunarmála.

FFSÍ styður tillöguna heilshugar.

Virðingarfyllst,
F.h.Farmanna og Fiskimannasambands Íslands

Árni Bjarnason, forseti.



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Tilvís: LHG/122/9.6/HH/sig
23. apríl 2002

Umsögn Landhelgisgæslu Íslands um tillögu til þingsályktunar um úttekt á skipulagi sjóbjörgunarmála.

Sjóslys eru eins og fram kemur í þingsályktunartillögunni enn algeng þrátt fyrir margs konar öryggisbúnað. Fyrir því eru margvíslegar ástæður og margar þeirra eru ekki nefndar þegar sjóslys verða. Mistök hafa átt sér stað við stjórnun báta/skipa sem fólk veigrar sér við að nefna þegar menn hafa látið lífið í sjóslysum. Einnig kemur fyrir að björgunar- eða öryggisbúnaður er ekki í lagi, þótt hann sé til staðar.

Landhelgisgæslan rekur stjórnstöð sem er sambyggð sjóbjörgunarstjórnstöð og fjarskiptastöð fyrir varðskip og gæslulöftför, auk þess að vera fjareftirlits- og fiskveiðieftirlitsstöð. Stöðin er tengiliður við varnarliðið á Keflavíkurflugvelli samkvæmt milliríkjasamningi um samstarf Landhelgisgæslunnar og varnarliðsins, m.a. vegna leitar og björgunar. Einnig er í gildi samningur við Danska sjóherinn um samvinnu á sviði leitar og björgunar. Stjórnstöðin er búin fjölbreyttum búnaði til fjarskipta, þ.á.m. gervihnattafjarskiptatækjum. Stjórnstöðin er þannig útbúin að hún getur starfað sjálfstætt þótt öll önnur innlend fjarskipta- og orkuvirki verði óvirk. Tölvukerfi eru notuð til fjarskipta, fjareftirlits og til útreikninga á reki, leitarsvæðum og leitarferlum björgunareininga.

Í dag hefur stjórnstöð Landhelgisgæslunnar fjareftirlit með íslenskum fiskiskipum sem veiða á alþjóðlegum hafsvæðum utan fiskveiðilögsögu Íslands og í fiskveiðilögsögum annarra ríkja. Einnig ber erlendum fiskiskipum að tilkynna sig til Landhelgisgæslunnar þegar þau eru að veiðum eða á siglingu innan efnahagslögsögu Íslands, auk þess sem tekið er við sjálfvirkum staðsetningum skipa frá Noregi, Grænlandi og Rússlandi þegar skip þessara þjóða eru innan Íslenskrar lögsögu. Landhelgisgæslan sem fjareftirlitsstöð og eftirlitsaðili með fiskveiðum tekur einnig við staðsetningum skipa utan fiskveiðilögsögunnar samkvæmt alþjóðasamningum, sbr. NEAFC. Þá er stjórnstöðin móttökuaðili fyrir tilkynningar skipa um komu til landsins samkvæmt Schengen og vegna hafnarkomu erlendra fiskiskipa. Landhelgisgæslan er því í raun að reka vakstöð fyrir sjófarendur á hafsvæðinu umhverfis Ísland.



Önnur skip og bátar eru í eftirliti hjá Tilkynningarskyldu íslenskra skipa sem Slysavarnarfélagið Landsbjörg rekur. Þegar skip, sem ekki eru í fjareftirliti hjá Landhelgisgæslunni eru í hættu stödd á hafi úti, þarf Landhelgisgæslan að fá upplýsingar frá Tilkynningarskyldunni um staðsetningu skipa á svæðinu auk annarra upplýsinga. Samskipti og upplýsingar eru því ekki á einum og sama staðnum og getur skapað tafir og misskipling við björgunaraðgerðir.

Á björgunarráðstefnu sem haldin var í Reykjavík 22. mars sl. undir kjörorðinu „Ný tækni - aukið öryggi“ kom í ljós að flestir ræðumanna voru sammála um að sameina ætti sjóbjörgunarstjórnstöð Landhelgisgæslunnar og Tilkynningarskylduna /sjóbjörgunarmiðstöð Slysavarnarfélagsins Landsbjargar til að auðvelda björgunar-aðgerðir. Hins vegar eru deildar meiningar um hvort hafa á eina björgunarmiðstöð, bæði fyrir sjó og land. Það ber þó að hafa í huga að leit og björgun á sjó er í eðli sínu ólík leit og björgun á landi, auk þess sem varasamt er að hafa alla björgunarstarfsemi á einum og sama staðnum.

Landhelgisgæslan telur að fjöldamörg rök mæli með því að stjórn leitar og björgunar á hafinu og við ströndina verði alfarið í höndum Landhelgisgæslunnar. Ástæðan er sú sérþekking og reynsla sem stofnunin býr yfir og góður tækjabúnaður, auk þess sem að í stjórnstöð Landhelgisgæslunnar eru víðtækar upplýsingar um skipaferðir á hafinu. Landhelgisgæslan telur að ekki sé hægt að skilja stjórnstöðina frá stofnuninni þar sem hún gegnir fjölbættum verkefnum sem Landhelgisgæslan ber ábyrgð á auk sjóbjörgunar.

Þær hugmyndir sem Landhelgisgæslan hefur orðið vör við varðandi eina stjórnstöð fyrir sjó og land, byggjast á því að ein stjórnstöð yrði nokkurs konar samhæfingarstöð en aðrar stöðvar yrðu svokallaðar vaktstöðvar. Þetta hefur það í för með sér að skapaður er enn einn milliliðurinn í stað þess að koma því þannig fyrir að einn og sami aðilinn taki á móti neyðarköllum og bregðist við þeim. Að fenginni reynslu er því vandséð hvernig slík samhæfingarstöð getur bætt ástand björgunarmála á hafinu með tilheyrandi töfum, en reikna má með að slík stöð væri farin að starfa innan einnar klst. frá útkalli. Landhelgisgæslan telur ekki heppilegt að hafa eina björgunarmiðstöð fyrir sjó og land.


Landhelgisgæslan leggur enn til að Tilkynningarskyldan/sjóbjörgunarmiðstöð Slysavarnarfélagsins Landsbjargar verði sameinuð sjóbjörgunarstjórnstöð Landhelgisgæslunnar og þar með verði sköpuð ein mjög öflug sjóbjörgunarstjórnstöð sem hefur allar upplýsingar á einum stað og alla stjórn á björgunaraðgerðum á sjó. Með þessu móti væri hægt að bregðast á skjótari og öruggari hátt við neyðarköllum. Þetta myndi auk þess hafa sparnað í för með sér, sem Landhelgisgæslan hefur þegar gert grein fyrir í greinargerð til dómsmálaraúneytisins.

Rétt er að varpa því fram hvort hlustun á neyðarrásum sem nú fer fram í strandstöðvum Landssímans, eigi heima inni í sjóbjörgunarstjórnstöð Landhelgisgæslu, þar sem jafnframt væri rekin tilkynningaskylda vegna öryggis sófarenta sem og fjareftirlit vegna fiskveiðistjórnunar. Slík neyðarhlustun mundi stytta boðleiðir og auka öryggi sjófarenda.

Landhelgisgæslan telur mjög mikilvægt að öll skip verði búin svokölluðum frífljóttandi neyðarbaujum. Þessar baujur senda neyðarboð á sjálfvirkan hátt með einkenni skipsins til gervihnatta sem senda boðin tafarlaust til björgunarstjórnstöðvar Landhelgisgæslunnar. Það myndi auka öryggi til muna því að komið hefur í ljós að á neyðarstundu geta aðstæður valdið því að ekki er hægt að senda út neyðarskeyti. Það er að mati Landhelgisgæslunnar heldur ekki fullnægjandi að neyðarboð berist í formi þess að engin boð berist og þá sé álitid að um neyðarboð sé að ræða.

Framangreindar tillögur Landhelgisgæslunnar fela í sér að stofnunin telur nauðsynlegt að gera úttekt á skipulagi sjóbjörgunarmála með það að markmiði að auðvelda og hraða björgunaraðgerðum þegar slys hafa orðið eins og þingsályktunartillagan mælir fyrir um. Landhelgisgæslan er samkvæmt því hlynt þingsályktunartillögunni.

F.h. forstjóra Landhelgisgæslu Íslands



Sigurður Steinar Ketilsson
yfirm gæsluframkvæmda

Smíðjuvegi 68-70
200 Kópavogi
Sími 510 1500
Fax 510 1509

Alþingi
Erindi nr. P 127/2002
komudagur 22. 4. 2002



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Alþingi
Ágúst Geir Ágústsson
c/o Sjávarútvegsnefnd
150 REYKJAVÍK

2002040099

211


18. apríl 2002

Málefni: Tillaga til þingsályktunar um úttekt á skipulagi sjóbjörgunarmála, 619. mál

Vísað er til bréfs sjávarútvegsnefndar Alþingis dags. 15. apríl 2002 þar sem óskað er eftir umsögn Póst- og fjarskiptastofnunar um tillögu til þingsályktunar um skipulag sjóbjörgunarmála, 619. mál, þar sem ríkisstjórninni er falið að gera úttekt á skipulagi sjóbjörgunarmála með það að markmiði að auðvelda og hraða björgunaraðgerðum þegar slys hafa orðið.

Póst- og fjarskiptastofnun fagnar því fyrir sitt leyti að gert verði átak í öryggismálum sjófaranda og er stofnunin reiðubúin til þess að leggja sitt af mörkum á þeim sviðum sem snerta starfssvið stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,


Hrafnkell V. Gíslason

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 23.04.2002
Tilv. 023
KV/kv

Siglingastofnun Íslands hefur mótttekið bréf sjávarútvegsnefndar Alþingis dags. 15. apríl sl. varðandi tillögu til þingsályktunar um skipulag sjóbjörgunarmála.


Siglingastofnun getur tekið undir markmið þingsályktunarinnar að mikilvægt sé að vinna að heildarúttekt á skipulagi sjóbjörgunarmála í landinu. Markmið slíkrar úttektar ætti að vera skýrt þ.e. að koma með tillögur sem einfalda núverandi skipulag og gera stjórn björgunarmála skilvirkari. Siglingastofnun er ennfremur þeirra skoðunar að mikilvægt sé að kanna hvort framtíðarskipan leitar- og björgunar á sjó, landi og í lofti sé best fyrir komið í einni leitar- og björgunarmiðstöð fyrir allt landið.

Siglingastofnun getur einnig tekið undir þá skoðun sem sett er fram í tillögunni að stjórnvöldum beri ávallt að tryggja öryggi sjófarenda með sem bestum hætti og nýta til þess nýjustu tækni. Hluti af þeirri tækni sem byggt hefur verið á til að bæta öryggi sjómanna er sjálfvirk tilkynningarskyldukerfi fyrir íslensk fiskiskip. Sjálfvirka tilkynningarkerfið var tekið í notkun í maí árið 2000 og hefur nú verið starfrækt í tæp tvö ár og í dag eru um það bil 1500 hundruð skip og bátar með slíkan búnað um borð. Kerfið hefur stuðlað að auknu öryggi og hefur stýtt verulega viðbragðstíma frá því að slys á sér stað þangað til að björgun og leit hefst. Í þessu sambandi má nefna að á vegum samgönguráðuneytisins starfar nú starfshópur að endurskoðun á sjálfvirka tilkynningarskyldukerfinu og mun á næstu vikum koma með tillögur um endurbætur á því kerfi.

Eins og fram kemur í greinargerðinni við þingsályktunina hefur verið sett á fót nefnd þriggja ráðuneytisstjóra undir forsæti forsætisráðuneytis sem á að endurskoða skipulag björgunarmála í landinu en ekki er ljóst hvenær sú nefnd mun skila af sér tillögum.

Með hliðsjón af framansögðu telur Siglingastofnun eðlilegt að ef ráðist verður í úttekt á skipulagi sjóbjörgunarmála sérstaklega þá verði það tengt með einhverjum hætti því nefndarstarfi sem og þeirri vinnu sem nú þegar er í gangi varðandi endurskoðun mála varðandi leit og björgun.

Virðingarfyllt



Hermann Guðjónsson

Alþingi
Erindi nr. P 127/2002
komudagur 27.4.2002



Stýrimannaskólinn í Reykjavík

The College of Navigation -- Navigationssskolen

SKÓLAMEISTARI - PRINCIPAL - REKTOR

Sími: 551-3046 - Telephone: Int. + 551-3046 - Telefax 562-2750

e-mail: gudarm@ismennt.is

Sjómannaskólinn v/Háteigsveg

ÍSLAND - ICELAND

Reykjavík, 23. apríl 2002

Sjávarútvegsnefnd Alþingis

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Efni: Umsögn um þingsályktun um skipulag sjóbjörgunarmála, 619. mál

Ég undirritaður tek heilshugar undir þingsályktunartillögu þess efnis að gera úttekt á skipulagi sjóbjörgunarmála til þess að auðvelda með því og hraða björgunaraðgerðum.

Gerð akfærra götuslóða að stöðum með erfitt aðgengi, sem stungið er upp á í

þingsályktunartillögunni, yrði án efa til mikils gagns og getur flýtt björgunaraðgerðum.

Ég tel þó að það sem skiptir mestu máli sé að athuga hvort yfirstjórn björgunaraðgerða á rúmsjó eða við land eigi ekki að vera á einni og sömu hendi til þess að tryggja örugg og snurðulaus fjarskipti milli nauðstaddra og björgunarsveita.

Örugg yfirstjórn flýtir björgunaraðgerðum og enginn velkist í vafa um hvert eigi að tilkynna slys eða biðja um hjálp, sem er afgerandi við öruggar- og markvissar björgunaraðgerðir.

Ég er sammála því sem segir í þingsályktunartillögunni, að "öryggi boðsendinga" hafi ekki verið nægilegt.

Örugg fjarskipti eru vafalaust mikilvægasta öryggistæki um borð í hverju skipi og skipta öllu máli við björgunaraðgerðir.

Með tilliti til þess var komið á alþjóðlegu neyðar- og öryggiskerfi fyrir sjófarendur (GMDSS).

Þegar Fjarskiptareglugerð nr. 53/20, jan. 2000 var sett hér á landi var sjálfvirk


tilkynningaskylda á metrabylgju (STK) sem er sérsmíðuð fyrir íslenska skipaflotann sett í staðinn fyrir þjónustu með stafrænu valkalli (DSC) á metrabylgju (VHF).

Jafn ágæt og sjálfvirk tilkynningaskylda er tel ég nauðsynlegt að hafa jafnframt DSC -þjónustu á metrabylgju, þannig að Ísland uppfylli að öllu leyti hið alþjóðlega neyðar- og öryggiskerfi (GMDSS) en aðildarríkjum að þessu alþjóðasamskiptakerfi var í sjálfsvald sett hvort þau kæmu upp DSC-þjónustu á metrabylgju (VHF).


Ég undirritaður hefi ítrekað bent á þetta.

Með því að koma upp þjónustu með stafrænu valkalli (DSC) á metrabylgju (VHF) uppfyllir Ísland enn betur og að fullu alþjóðasamþykktina GMDSS (Global Maritime Distress and Safety System) og alþjóðlegt A-1 svæði verður umhverfis Ísland eins og er við strendur allra landa í Vestur-Evrópu nema Portúgal. DSC-þjónusta á VHF myndi stórauka öryggi allra smábáta, og minni skipa erlendra, sem koma fjölmörg hingað til lands, en þó sérstaklega að sumrinu.

Virðingarfyllst,



Guðjón Ármann Eyjólfsson
skólameistari



Alþingi
Erindi nr. P 127/2075
komudagur 24.4.2002



VEÐURSTOFA
ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8–10
150 Reykjavík

Dags. 23. apríl 2002
Tilv. 012/4553/MJ/KG

Efni: Umsögn um þingsályktun um skipulag sjóbjörgunarmála (619. mál)

Veðurstofa Íslands gerir ekki athugasemd við tillöguna. Hins vegar vill stofnunin með vísan til greinargerðar með tillögunni vekja athygli á að veðurbjónusta skiptir oft verulegu máli þegar um björgunaraðgerðir bæði á sjó og landi er að ræða, auk þess sem hún er stór þáttur í fyrirbyggjandi aðgerðum til að koma í veg fyrir slys. Skipulag veðurbjónustu, innihald og umfang eru því þættir sem ætti að skoða við úttekt á skipulagi björgunarmála eins og tillagan gerir ráð fyrir.

Virðingarfyllst


Magnús Jonsson
veðurstofustjóri



Vélaskóli Íslands

Sjómannaskólanum við Háteigsveg 105 Reykjavík. Sími: 551 9755. Heimas: velskoli.is.

Alþingi
Erindi nr. P 127/2002
komudagur 23.4.2002

Skólameistari

Reykjavík 22. apríl 2002


Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Tillaga til þingsályktunar um úttekt á skipulagi sjóbjörgunarmála

Vélaskóli Íslands styður alla viðleitni sem miðar að því að efla öryggi sjófarenda og styður því þessa þingsályktunartillögu.

Skólinn vill einnig benda á að Alþjóða Siglingastofnun telur að mikilvægasta átakið til eflingar öryggi sjófarenda séu fyrirbyggjandi aðgerðir og þar er efst á lista góð menntun og þjálfun skipstjórnarmanna, vélstjóra og háseta og er því mikilvægast að sá þáttur öryggismála sé aukinn.

Virðingarfyllt,


Björgvin Þór Jóhannsson
skólameistari



Alþingi
Erindi nr. P 127/2081
komudagur. 26.4.2002




VÉLSTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis,
Sjávarútvegsnefnd,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Reykjavík 22. apríl 2002.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um úttekt á skipulagi sjóbjörgunarmála.

Vélstjórafélag Íslands tekur undir efnisatriði tillögunnar og telur hana löngu tímabæra m.t.t. þess hve þessi mál ganga hægt fyrir sig þá er nauðsynlegt að úttekt af þessu tagi fari fram með það að markmiði að flýta bæði rannsóknum sjóslysa og einnig því að skýrslur um einstök slys liggja sem fyrst frammi.

Virðingarfyllst,
f.h. Vélstjórafélags Íslands


Hógi Laxdal, formaður

Fagmenn til sjós og lands!

Borgartúni 18 105 Reykjavík sími: 562 9062 bréfasími: 562 9096
Umboðsskrifstofur: Vesturlandi: Sæbóli 29 350 Grundarfirði sími: 438 6894 Norðurlandi: Skipagötu 14 600 Akureyri sími: 4621870
Suð-Asturlandi: Smárabraut 13 780 Höfn Hornafirði sími: 478 1255
Deildir: Suðurnesjum: Hafnargötu 32 230 Reykjanesbæ Vestfjörðum: Hlíðarstræti 14 415 Bolungarvík
Vestmannaeyjum: Básam Básaskersbryggju 900 Vestmannaeyjum